

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 237/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gögn.

**Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Fjárdráttur. Skjalafals.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

#### I.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ákærufni þau, er greinir í ákæruskjali 20. nóvember 1974. Heimilt er að færa annað þeirra brota, sem ákærði framdi 9. júlí 1974, til 1. málsgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, svo sem gert er í héraðsdómi, þótt ákæra lúti aðeins að 244. gr. sömu laga, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, en bæði í héraði og fyrir Hæstarétti var fjallað um þetta atriði í málflutningnum.

#### II.

Í ákæruskjali 11. febrúar 1975 er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa tekið peningaveski að ófrjálsum af Marínó Pétursyni hinn 11. ágúst 1974 og fyrir að hafa falsað tékka úr tékkhefti Marínós, sem geymt var í veskinu, og afhent tékkannu í versluninni Baldri 14. ágúst s. á. Ákærði gekkst við töku veskisins tvívegis 15. og 17. ágúst 1974 í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglum. Er framburður lögreglumanns þess, er framkvæmdi rannsóknina, greindur í héraðsdómi. Þegar ákærði kom fyrir dóm 30. maí 1975, hvarf hann frá játningu sinni. Eigi verður mark tekið á afturköllun játningarinnar, enda fær fyrri framburður stoð í öðrum gögnum málsins, m. a. að ákærði hafði undir höndum tékka úr tékkhefti, sem telja verður, að geymt hafi verið í framangreindu peninga-

veski. Með töku veskisins hefur ákærði gerst sekur við 1. málsgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkv. 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga með afhendingu tékkans í versluninni Baldri hinn 14. ágúst 1974.

### III.

Ákærði sætti refsisdómum hinn 14. júní 1974 og 19. mars 1975 fyrir auðgunarbrot, svo sem greinir í sakavottorði hans, sem tekið er upp í héraðsdóm, og var hegningarauki dæmdur í síðara dómnum. Fyrsta brotið, sem ákærði er dæmdur sekur um í þessu máli, var framið, áður en fyrri refsisdómurinn gekk yfir honum, en hin brotin eru öll framin, áður en hann sætti síðari refsisdómnum. Samkvæmt sakavottorði 6. september 1977, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, hefur ákærði auk þeirra refsinga, sem greindar eru í héraðsdómi, sætt 4 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1975 fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga og 5 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1976 fyrir brot á 231. og 244. gr. sömu laga og 25. gr. umferðarlaga og 21. og 24. gr. áfengislaga. Enn hefur hann sætt fjársektum 22. september 1975 fyrir brot „á tolllögum“ og 5. maí 1977 fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Refsing ákærða samkvæmt 244. gr., 1. málsgr. 247. og 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga ber í þessu máli að ákveða með vísan til 78., sbr. 77. gr. svo og 72. og 255. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans, 40.000 krónur.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. júlí 1975.**

Ár 1975, miðvikudaginn 2. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 568/1975: Ákærvaldið gegn Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara gegn ákærða, Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, Hvassaleiti 8 í Reykjavík, fæddum þar í borg 25. janúar 1949.

Með ákæruskjali, dagsettu 20. nóvember 1974, er mál höfðað gegn ákærða, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot:

1. Mánudagsnóttina 3. júní 1974 brotist inn í Apótek Keflavíkur, Suðurgötu 2, og stolið þar kr. 18.600 í peningum og nokkru magni af lyfjum.

2. Þriðjudaginn 9. júlí 1974 stolið frá Matthíasi Guðmundssyni, Bogabraut 10, Skagaströnd, kr. 4.000 í peningum og þremur flöskum af áfengi, og fór takan fram á Hótel City í Reykjavík, þar sem Matthías dvaldi þá um stundarsakir, og ákærði var þar gestur hans.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er höfðað mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 11. febrúar sl., „fyrir að hafa sunnudaginn 11. ágúst 1974 stolið af Marínó Péturssyni, Laugarásvegi 13, Reykjavík, peningaveski, sem hafði að geyma kr. 2.000 í peningum, tékkhefti á Sparisjóð Keflavíkur og ýmis persónuleg skilríki, og fór takan fram fyrir utan Hótel Borg í Reykjavík. Ákærði falsaði síðan einn tékka úr tékkheftinu, að fjárhæð kr. 4.000, með því að gefa hann út í nafni Marínós og reyndi nokkru síðar að selja tékkann í versluninni Baldri við Framnesveg, þar sem ákærði var handtekinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

*Ákæra dagsett 20. nóvember 1974.*

1. Aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1974, klukkan 0230, var tilkynnt símleiðis á lögreglustöðina í Keflavík, að brotist hefði verið inn í Apótek Keflavíkur að Suðurgötu 2.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og þar hittu þeir Þorstein Þorsteinsson, Suðurgötu 1 í Keflavík, sem kvaðst hafa tilkynnt innbrotið. Hann skýrði lögreglumönnum svo frá, að hann hefði verið í íbúð sinni og heyrt hávaða, líkt og gler væri brotið. Kvaðst hann þá hafa litið út og séð, að búíð var að brjóta rúðu í aðaldyrum apóteksins. Í sömu mund sá hann mann koma hlaupandi, og virtist hann koma frá dyrum að húsinu, sem snúa í suður. Maður þessi var klæddur í bláar buxur og rauðan jakka og hljóp vestur Tjarnargötu. Ekki hafði Þorsteinn séð annan mann á ferð við apótekið.

Lögreglumennirnir fundu ákærða, Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, á göngu í Tjarnargötu við Sólvallagötu, en lýsing Þorsteins gat átt við hann. Ákærði var mikið ölvaður og gat ekki gert grein fyrir ferðum sínum. Þá var hann hrufaður á höndum og í andliti. Þorsteinn Þorsteinsson staðfesti við lögregluna, að ákærði væri sami maðurinn og hann hefði séð hlaupa frá apótekinu skömmu áður.

Ákærði hafði meðferðis 20.600 krónur í peningum, sem voru í vöndli í hægri buxnavasa hans. Þá var hann með í fórum sínum tvö lyfjaglós með brjóstdropum, sem blandaðir voru ópíum, 30 töflur af Mebumalnatríum, 0.1 g, 50 töflur Diaxepami, 5 mg, 30 töflur Ritalin, 10 mg, og 30 töflur Mirapont, 15 mg.

Við athugun á vettvangi kom í ljós, að brotin var rúða í aðaldyrum apóteksins og önnur í hurð á suðurhlíð. Var sú fyrri að stærð 122x22 cm, en hin 69x26 cm. Ekki höfðu verið unnar aðrar skemmdir.

Haft var samband við lyfsalann, Jóhann Ellerup, og kom hann á vettvang. Samkvæmt athugunum hans saknaði hann peninga úr peningakassa og tveggja glasa af brjóstdropum.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglunni í Keflavík og viðurkenndi þá að hafa brotist inn í apótekið. Hann hafði, eins og áður

greinir, meðferðis 20.600 krónur í peningum við handtökuna, og taldi hann sig eiga 2.000 krónur af þeirri fjárhæð. Taldi Jóhann Ellerup lyfsali það geta komið heim við það, að horfið hefðu úr peningakassanum 18.600 krónur.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi var hann greinda nótt, um klukkan 0230, drukkinn á göngu á Suðurgötu í Keflavík. Þá datt ákærða í hug að brjótast inn í hús við götuna, en ekki minnst ákærði þess að hafa vitað, að það var apótek, en í ljós kom síðar, að svo var. Ákærði braut rúðu í dyrum og fór inn. Ákærði tók úr opnum peningakassa í apótekinu töluvert af peningum og sló eign sinni á þá, en ekki gerir hann sér grein fyrir því, hvað það var mikið, en það var allt tekið af honum, þegar hann var handtekinn stuttu síðar á Tjarnargötu við Sólvallagötu. Ákærði vefengir ekki, að það hafi verið 18.600 kr. Ákærði sló enn fremur eign sinni á 2 lyfjaglós með einhverju lyfi, sem hann ekki þekkir. Þegar ákærði fór út úr apótekinu, braut hann aðra rúðu í hurð og fór út um hana.

Jóhann Ellerup fékk í hendur það fé, sem ákærði hafði meðferðis við handtökuna. Þá gerði hann kröfu til þess, að ákærði greiddi honum kostnað við viðgerð á rúðunum tveim, en sú viðgerð kostaði samkvæmt framlögðum reikningum 11.100 krónur. Gengu 2.000 krónur af því fé, sem ákærði hafði meðferðis, til greiðslu upp í þá kröfu. Eftirstöðvarnar, 9.100 krónur, greiddi verjandi ákærða fyrir hans hönd 23. f. m.

Þessi háttsemi ákærða er sönnuð með eigin játningu hans sjálfs og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þriðjudaginn 9. júlí sl., klukkan 1825, var hringt til lögreglunnar í Reykjavík og óskað aðstoðar að City Hóтели vegna þjófnaðar.

Þrír lögreglumenn fóru á vettvang, og á þriðju hæð hótelsins í herbergi nr. 307 hittu þeir Matthías Guðmundsson, Bogabraut 10 á Skagatrönd, sem kærði þjófnað á 30.000 krónum. Matthías skýrði svo frá, að hann hefði verið staddur niður við Hótel Borg um klukkan 1500 og hefði hann hitt þar fólk, sem hann bauð síðan til sín í herbergið, en ekki þekkti hann fólkið. Þá kvaðst hann hafa farið í áfengisverslun og keypt þar þrjár flöskur af áfengi. Síðan hefði hann setið að drykkju í herberginu ásamt fólkinu, en um klukkan 1800 hefði hann orðið þess var, að áðurgreindir peningar, sem hann var með í veski sínu, voru horfnir, en veskið lá í glugganum í herberginu.

Í herberginu hjá Matthíasasi voru tvær ungar stúlkur, Kristjana

Guðrún Ingibergsdóttir, Ásgarði 16, og Salvör Kristín Héðinsdóttir, Hjallalandi 30, báðar í Reykjavík. Þær fóru með lögreglunni í lögreglustöðina og voru yfirheyrðar þar. Þær kváðust í fyrstu ekkert vita um fyrrnefnda peninga. Síðar breytti Salvör Kristín framburði sínum og skýrði svo frá, að hún hefði verið stödd niður við Hótel Borg um klukkan 1500 ásamt stúlku, sem hétu Elín, áðurgreindri Kristjönu Guðrúnu og ákærða, þegar þau hefðu hitt Matthías, sem hefði boðið þeim í herbergi sitt á City Hóтели. Kvaðst Salvör Kristín hafa séð ákærða taka peninga úr veski, sem lá í glugganum ásamt tveim flöskum af áfengi, sem hún vissi, að Matthías átti, og hefði hann farið burt af hótelinu ásamt Elínu.

Salvör Kristín Héðinsdóttir skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hún hefði séð ákærða taka veski úr vasa Matthíasar, sem var mjög drukkinn, en tók samt eftir því, og lét ákærði þá veskið í gluggann, en síðar var það látið í skrifborðsskúffu. Síðar sá Salvör Kristín ákærða opna skúffuna og taka úr veskinu, svo að hún sá, 5.000 krónur og stinga seðlinum fyrst í brjóstvasann og síðan í annan sokkinn. Salvör Kristín sá ákærða aldrei taka nema þessar 5.000 krónur. Þá sagði Salvör Kristín, að Kristjana Guðrún og Elín hefðu verið sofandi, þegar ákærði tók peningana. Þegar þær vöknudu, sagði Salvör Kristín Kristjönu Guðrúnu frá þjófnaðinum, og sagði hún, að Matthías hefði sagt Elínu frá honum.

Kristjana Guðrún Ingibergsdóttir skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hún hefði verið sofandi í herberginu, en vaknað við ógurleg læti og þá hefði Matthías verið að vekja Elínu, sem einnig hafði sofnað. Kristjana Guðrún sá ákærða og Elínu fara á brott og sá ákærða þá halda á svörtum poka eða poka eins og áfengisverslunin lætur undir áfengi. Þá sagði Salvör Kristín henni, að hún hefði séð ákærða taka peninga og áfengi og stinga peningunum í annan sokk sinn. Ekki tilgreindi Salvör Kristín fjárhæðina við Kristjönu Guðrúnu, og ekki sá Kristjana Guðrún peningatökuna, enda sofandi, eins og áður greinir.

Elín Elíadóttir, Kárastíg 14, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hún hefði verið stödd hjá Matthías og séð ákærða hafa á brott með sér, þegar þau yfirgáfu herbergið, tvær flöskur af vodka og eina flösku af Martini, en ekki vissi hún, hvort þær voru fullar, og ekki sá hún ákærða taka peninga.

Elín kvað þau hafa farið fyrst í Kokkhúsið, og borðuðu þau þar, og borgaði ákærði matinn, sem var að sögn Elínar mjög dýr. Síðan fengu þau sér leigubifreið og óku smávegis um borgina, og

loks fóru þau í gisti- og sjómannaheimilið að Kirkjustræti 2, en þar hafði ákærði herbergi. Þar voru þau bæði handtekin um klukkan 2240.

Matthías Guðmundsson skýrði rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hefði komið til borgarinnar um klukkan 1100 að morgni áðurgreinds dags og hafði þá meðferðis 37.000 krónur. Ekki gat hann gert grein fyrir því, hversu miklu af þeim peningum hann hafði eytt, þegar hann kærði þjófnaðinn, enda var hann ölvaður og minni hans ekki gott. Hann mundi eftir því að hafa hringt á tvær leigubifreiðar og að hann hætti við að nota þær, en ekki mundi hann eftir að hafa sent ákærða til þess að greiða þær, en sagði það geta verið. Ákærði veitti viðtöku hjá rannsóknarlögreglunni fullri vodkaflösku, annarri tæpri hálfri og hálfri Martini-flösku, en þessar flöskur tóku rannsóknarlögreglumenn í herbergi ákærða að Kirkjustræti 2. Kvaðst Matthías ekki óska eftir frekari aðgerðum í málinu.

Ákærði kannast við að hafa verið gestkomandi hjá Matthíasi í þetta skipti. Hann skýrir svo frá fyrir dómi, að hann hafi greitt tvívegis leigubifreiðar fyrir Matthías, sem hann hætti við að nota, og fékk til þess í hvort skipti 1.000 kr., en bifreiðarnar kostuðu um 300 krónur. Seint um daginn yfirgaf ákærði herbergi Matthíasar ásamt Elínu Elíadóttur, og um leið og hann fór á brott, sló hann eign sinni á 2.000 krónur, sem lágu á borði í herberginu. Jafnframt hafði ákærði með sér á brott um 1.400 kr., sem hann var með í vösum sem afgang af greiðslunni fyrir leigubifreiðarnar, en því kveðst ákærði í rauninni hafa gleymt að skila. Jafnframt hafði ákærði á brott með sér 2 vodkaflöskur og Martini-flösku, en eitthvað var byrjað að drekka úr þeim. Ákærði sló eign sinni á flöskurnar og notaði af peningum fyrir veitingum, sem hann og Elín neyttu í Kokkhúsinu við Lækjargötu. Þá eyddi hann af peningunum í leigubifreiðarakstur, og þau Elín drukku eitthvað af áfenginu.

Gegn neitun ákærða og með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, er ósannað, að peningar þeir, sem ákærði eignaði sér frá Matthíasi Guðmundssyni, hafi verið hærri fjárhæð en 3.400 krónur. Þar sem Matthías hefur ekki treyst sér til þess að mót-mæla því, að ákærði hafi fengið í hendur hjá honum 2.000 krónur til greiðslu á leigubifreiðum, þykir rétt að leggja til grundvallar frásögn ákærða um notkun hluta þeirra peninga í þágu Matthíasar. Telst því sannað með framburði ákærða sjálfs, að hann hafi dregið sér afgang þessarar fjárhæðar, 1.400 krónur. Varðar

Þessi háttsemi við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti telst framangreindur þjófnaður ákærða á 2.000 krónum og þrem áfengisflöskum sannaður með eigin játningu ákærða sjálfs, sem styðst við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar þjófnaðurinn við 244. gr. almennra hegningarlaga.

*Ákæra dagsett 11. febrúar 1975.*

Miðvikudaginn 14. ágúst sl., klukkan 1353, var óskað lögreglu-aðstoðar að versluninni Baldri við Framnesveg í Reykjavík. Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu, og á staðnum hittu þeir verslunarstjórann, Elías Sigurð Kristjánsson. Hjá honum var ákærði, sem Elías Sigurður sagði, að komið hefði í verslunina skömmu áður og beðið eina afgreiðslustúlkuna um vörur fyrir um 500 krónur. Hann hafi síðan ætlað að greiða með tékka, að fjárhæð 4.000 krónur, á Sparisjóð Keflavíkur. Afgreiðslustúlkunni þótti tékkinn tortryggilegur og fór með hann til Elíasar Sigurðar, en hann hringdi í sparisjóðinn og fékk þær upplýsingar, að tékkinn væri úr tékkhefti Marinós Péturssonar, sem tilkynnt hefði verið um þjófnað á fyrir nokkru. Þá var Elíasi Sigurði sagt, að númerið á tékkanum væri rangt.

Tékki þessi er gefinn út með nafni Marinós Péturssonar, til handhafa, á hlaupareikning nr. 122 við sparisjóðinn, og á bakhlið hans er illlæsilegt framsal.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina til yfirheyrslu, en hann var nokkuð ölvaður. Þar sagði ákærði, að strákur hefði gefið sér eyðublaðið fyrir snafs og hefði það verið fyrir utan Þórscafé.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni næsta morgun, að hann þekkti þennan tékka og kannaðist við að hafa útfyllt hann að öllu leyti og síðan reynt að framselja hann í versluninni Baldri. Kvaðst ákærði hafa gefið lögreglunni þær upplýsingar, að hann hefði fengið tékkann hjá einhverjum óþekktum strák við Þórscafé, en það væri ekki rétt og skyldi hann segja allan sannleikann um málið.

Ákærði kvaðst hafa átt leið fram hjá Hótel Borg nokkrum dögum áður, líklega mánudaginn 12. ágúst, og verið lítillaga ölvaður. Þar hitti hann mikið ölvaðan mann, og var það um það leyti, sem barnum var lokað, kl. 1430 til 1500.

Ákærði kvaðst hafa gefið sig á tal við manninn og veitt honum sjúss, en ákærði hafði veitt eftirtekt seðlaveski mannsins, sem hann hafði í rassvasanum, og tókst ákærða að ná af honum veskinu, án þess að hann tæki eftir því. Ákærði skildi þá strax við

manninn og fór á brott, en þegar hann aðgætti í veskið, þá voru í því 1.000 til 1.200 krónur svo og tékkhefti á Sparisjóð Keflavíkur og skilríki manns að nafni Marinó Pétursson.

Ákærði hirti tékkheftið og peningana, en fleygði síðan veskinu með öllu öðru í ruslatunnu skammt frá, en ekki gat ákærði staðsett tunnuna nánar.

Ákærði kvaðst hafa útfyllt tékkann, þegar af honum var runnið, en greindan dag, þegar hann var orðinn ölvaður og peningalaus, freistaðist hann til þess að fara inn í verslunina Baldur og reyna að selja tékkann.

Kvaðst ákærði hafa sagt allan sannleikann í málinu og ekkert undan dregið. Ákærði hafði meðferðis 1.300 krónur, og féllst hann á, að þeir peningar yrðu afhentir Marinó Péturssyni.

Marinó Pétursson heildsali, Laugarásvegi 13 í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá föstudaginn 18. ágúst, að hann hefði farið um hádegisbilið næstliðinn sunnudag inn á barinn á Hótel Borg, og þar dvaldist hann til klukkan um 1430, en þá fór hann út nokkuð ölvaður. Mundi Marinó ekki eftir að hafa talað við neinn ungan mann, eftir að út var komið, og var viss um, að honum hefði ekki verið boðið upp á snafs hjá neinum þarna úti.

Marinó var nýkominn út af Hótel Borg, þegar hann uppgötvaði, að veskið var horfið úr rassvasa hans, og fór hann þá aftur inn að leita þess. Gat Marinó ekki fullyrt, á hvern hátt veskið hefði horfið, en í því voru öll persónuskilríki hans, svo sem ökuskirteini og félagsskirteini í FÍB og u. þ. b. 5—7.000 krónur í peningum auk tékkheftis á Sparisjóð Keflavíkur. Ekki vissi Marinó, hversu mörg eyðublöð hefðu verið eftir í heftinu. Hann taldi frá-sögn ákærða um peningaupphæðina, sem hann kvaðst hafa tekið úr veskinu, ekki rétta, enda þótt hann gæti ekkert um það fullyrt. Marinó fékk afhentar áðurgreindar 1.300 krónur og kvaðst telja tilgangslaust að gera nokkrar kröfur á hendur ákærða.

Ákærði var yfirheyrður að nýju af rannsóknarlögreglunni 17. ágúst og skýrt frá því, hvað Marinó teldi, að hefði verið í veskinu af peningum. Taldi hann sig í mesta lagi hafa tekið úr því um 2.000 krónur og hefði verið hærri fjárhæð í veskinu, þá hljóti hann að hafa fleygt veskinu með þeim peningum í. Þá kvaðst ákærði aðeins hafa tekið þetta eina eyðublað úr heftinu og hefði hann síðan hent heftinu með veskinu.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 30. maí sl. og kvaðst hann ekki kannast við að hafa stolið peningaveski Marinós Péturssonar og sagði játningu sína hjá rannsóknarlögreglunni

byggjast á því, að hann hefði verið illa fyrirkallaður, er hann var yfirheyrður hjá Magnúsi Magnússyni rannsóknarlögreglumanni, sem hótaði honum gæsluvarðhaldi, ef hann játaði ekki. Tók ákærði þá þann kostinn til að sleppa við gæsluvarðhald.

Ákærði kannaðist við að hafa reynt að selja margnefndan tékka, sem hann kvaðst ekki hafa vitað, að væri falsaður, og vissi hann ekki, hver hefði gert það.

Ákærði kvaðst hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis og lyfja, þegar hann var handtekinn í versluninni og hafði þá innkaupanet meðferðis. Hann kvaðst ekki vita, hvert hann ætlaði með vörurnar, en taldi sig hafa munað það, þegar þetta átti sér stað. Ákærði upplýsti, að stúlka nokkur hefði komið hlaupandi, þegar lögreglan var að handtaka hann, og hafi hún fengið innkaupanetið í hendur að lögreglunni ásjáandi.

Vörður nú gerð grein fyrir dómsframburði starfsfólks verslunarinnar og lögreglumanna þeirra, sem handtóku ákærða í versluninni.

Elías Sigurður Kristjánsson verslunarstjóri, Dúfnahólum 4 í Reykjavík, skýrir svo frá, að nokkru fyrir klukkan 1400 hinn 14. ágúst sl. hafi verið komið til hans og honum sýndur tékki, sem viðskiptavinur vildi nota. Elíasi Sigurði leist ekki á tékkann og bringdi í sparisjóðinn í Keflavík og fékk upplýst, að tékkinn væri ritaður á eyðublað úr stolnu tékkhefti. Kallaði hann þá lögregluna til. Það var eiginkona Elíasar Sigurðar og önnur stúlka, sem ræddu við ákærða. Elías Sigurður ræddi ekki sjálfur við ákærða um tékkann fyrr en rétt áður en lögreglan kom, en þá spurði hann, hvaða nafn væri aftan á tékkanum. Virtist hann ekki vita það. Elías Sigurður las úr framsalinu nafnið Jóel. Hann sá ekki neina stúlku tala við ákærða, þegar hann var handtekinn, og ekki vissi hann, hvort ákærði hafði eitthvað meðferðis til að bera vörurnar í, en það, sem ákærði ætlaði að kaupa, voru ýmsar matvörur.

Bára Helga Bjarnadóttir afgreiðslustúlka, Dúfnahólum 4 í Reykjavík, afgreiðir í versluninni Baldri, og laust fyrir kl. 1400 greindan dag kom Jóna Kristinsdóttir afgreiðslustúlka til hennar og spurði, hvort hún mætti taka við tékka fyrir vörur, sem hún var að afgreiða til ákveðins manns. Bára Helga skoðaði tékkann og spurði manninn, hvort nafn hans væri aftan á honum, og kvað hann svo vera. Annað spurði hún manninn ekki, en fór með tékkann til eiginmanns síns. Ekki sá Bára Helga manninn rita eitt eða neitt á tékkann.

Bára Helga þorir ekki að fara með það, hvort ákærði var með innkaupanet undir varninginn, og ekki varð hún vör við nokkurn í fylgd með honum. Hún fylgdist ekki með handtöku ákærða sérstaklega og gat ekki borið um það, sem gerðist utan dyra.

Ákærði heyrði framburð Báru Helgu og gerði ekki aðra atugasemd við hann en að hann minntist þess ekki að hafa rætt neitt við hana.

Jóna Kristjana Kristinsdóttir nemandi, Hjallalandi 19 í Reykjavík, kvaðst hafa verið við afgreiðslu í versluninni Baldri, þegar ákærði kom þangað, en hann virtist undir áhrifum áfengis. Ákærði tók til vörur, sem hann hugðist kaupa og vildi greiða með tékka, sem hann afhenti Jónu Kristjönu, og jafnframt skrifaði hann framsalsnafn aftan á tékkann að henni ásjáandi. Var nafnið illa skrifað, og þar sem Jóna Kristjana hafði fyrir mæli um það að fara gætilega í að taka við tékkum, fór hún með tékkann til verslunarstjórans og konu hans, og tók hún við tékkanum og skoðaði hann fyrst.

Jóna Kristjana sá engan í för með ákærða, og þegar hún leit út, sá hún engan, sem gaf sig að honum, þegar lögreglan fór með hann inn í lögreglubifreiðina.

Jóna Kristjana man ekki nákvæmlega, hvað ákærði ætlaði að kaupa vörur fyrir háa fjárhæð, en telur, að það geti verið um kr. 500, en taldi þó, að það hefði verið eitthvað lægri fjárhæð.

Jóna Kristjana kvað ákærða hafa verið skjálfhentan, þegar hann ritaði framsalsnafnið á bakhlið tékkans, og man hún ekki betur en að hún hafi lánað honum pennann, sem hún sá hann skrifa það með.

Þá segir Jóna Kristjana, að ákærði hafi verið með innkaupanet, sem hana minnir, að hafi orðið eftir í búðinni, þegar hann var handtekinn.

Jóhann Hinrik Þórarinnsson lögreglumaður, Nýbýlavegi 44 A í Kópavogi, man óljóst eftir málinu, en man þó til þess að hafa verið sendur í verslunina Baldur við Framnesveg í ágúst í fyrra vegna manns, sem þar var með tékka. Maðurinn var handtekinn og færður á lögreglustöðina. Einhvern tíma, en ekki man Jóhann Hinrik hvenær, hafði maðurinn orð á því, að hann hefði verið sendur úr húsi með tékkann til matarkaupa. Ekki man Jóhann Hinrik, hvort þessi ummæli mannsins voru könnuð frekar. Hann minnir, að stúlka á fermingaraldri hafi komið og sótt innkaupanet, sem maðurinn hafði meðferðis. Þá minnir hann, að stúlkan

hafi fengið netið í hendur utan við verslunina, áður en maðurinn var færður í lögreglubifreiðina.

Hjört Pálma Sæmundsson lögreglumann, Furugerði 7 í Reykjavík, minnir, að unglingsstúlka hafi komið að lögreglubifreiðinni, þegar ákærði var kominn inn í hana, og rætt við þá lögreglumennina. Minnir hann, að fram hafi komið hjá stúlkunni, að ákærði hefði verið sendur úr húsi í nágrenninu til matvælaokaupa. Þetta var þó ekki kannað nánar þá strax og stúlkun látin fara.

Hjörtur Pálmi var spurður að því, hvort hann minntist þess að hafa séð stúlkuna taka við innkaupaneti úr hendi ákærða. Hann mundi eftir innkaupaneti, en ekki mundi hann, hvort stúlkun var með það eða ákærði.

Magnús Magnússon rannsóknarlögreglumaður, Holtsgötu 25 í Reykjavík, sem yfirheyrði ákærða tvívegis, hefur fyrir dóminum mótmælt því, að hann hafi hótáð ákærða gæsluvarðhaldi eða minnst á gæsluvarðhald, enda hafi ákærði játað mjög greiðlega.

Magnús segir, að ákærði hafi lýst því vel og skilmerkilega, hvernig hann hitti manninn, sem hann stal veskinu af, og hafi hann gert þetta algerlega sjálfstætt.

Þá segir Magnús, að ákærði hafi verið færður í geymslu að fyrstu yfirheyrslu lokinni, en hún fór fram að morgni næsta dags eftir handtöku hans. Síðari hluta þess dags var ákærði látinn hefja afplánun á refsidómi að ákvörðun fullnustudeildar dómsins. Var ákærði því kominn í afplánun, er hann gaf seinni skýrslu sína, og minntist hann þá ekkert á það, að fyrri skýrslan væri röng, og ræddi frekar um fjárhæð þýfisins.

Ekki kannast Magnús við að hafa heyrt ákærða minnast á, að hann hefði verið í innkaupaferð fyrir annan aðilja, og ekkert minntist hann á stúlku, sem hefði fengið innkaupanet í hendur frá honum.

Ákærði heyrði framburð Magnúsar og hélt fast við það, að Magnús hefði hótáð honum gæsluvarðhaldi og af þeirri ástæðu hefði hann játað á sig veskiþjófnaðinn og tékkafölsunina.

Ákærði segir, að það sé rétt, að hann hafi verið settur í afplánun eftir hádegi, daginn sem Magnús yfirheyrði hann í fyrra skiptið.

Þá segir ákærði, að Magnús hafi yfirheyrt sig tveimur dögum síðar og skýrt sér frá því, að maðurinn, sem veskinu var stolið frá, hefði haft samband við sig og lýst því yfir, að hann gerði engar kröfur í málinu. Sagði Magnús ákærða, að ekkert yrði frekar gert í málinu og væri ákærði heppinn þar. Þá skildi ákærði

Magnús þannig, enda þótt hann segði það ekki berum orðum, að málið mundi ekki fara til ríkissaksóknara.

Þegar þetta lá fyrir, sá ákærði ekki ástæðu til að breyta framburði sínum og gaf því þá skýrslu, sem af honum var tekin 17. ágúst sl. Ákærði segir, að það sé rétt, að hann hafi ekkert minnst á stúlkuna og innkaupanetið við Magnús, enda ekki að því spurður.

Magnús heyrði framburð ákærða fyrir dóminum og ítrekaði, að hann hefði sagt satt. Magnús kveðst hafa sagt ákærða, að Marínó Pétursson hefði sagt, að hann fyrir sitt leyti óskaði ekki frekari aðgerða í málinu. Kveðst Magnús ekki hafa gefið ákærða eitt eða neitt í skyn, og ekki kannaðist hann við að hafa sagt við ákærða, að hann væri heppinn, að Marínó Pétursson óskaði ekki aðgerða gegn honum.

Magnús segir, að það hafi mátt vera ljóst, að ekki hefði verið þörf á skýrslutöku, ef málið hefði átt að falla niður.

Ákærði og Magnús voru samprófaðir um það, sem í milli bar í framburðum þeirra. Hélt hvor um sig fast við sinn framburð, og náðist ekki samræmi.

Pétur Marínó Pétursson heildsali, Klettagörðum 7 í Reykjavík, kom fyrir dóminn og skýrði sjálfstætt frá málsatvikum á sama veg og í framangreindri skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni, sem hann staðfesti, að væri rétt.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa ritað framsalsnafnið á bakhlið tékkans, og voru hann og Jóna Kristjana samprófuð um það. Hélt Jóna Kristjana fast við það, að hún hefði beðið ákærða að rita nafn sitt á bakhlið tékkans og hefði hún horft á ákærða gera það. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa gert það, og náðist ekki samræmi í framburði þeirra um þetta atriði.

Mariú Bergmann skriftarfræðingi, Fjölnisvegi 9 í Reykjavík, var falið að láta dóminum í té álitargerð um það, hvort sama rithönd væri á tékkanum og rithandarsýnishorni, sem ákærði gaf fyrir dóminum. María hefur látið dóminum í té álitargerð um þetta, dagsetta 5. f. m., og staðfest hana fyrir dóminum. Í álitargerð Mariú segir svo:

„Að lokinni athugun á sannaðri rithönd Jóhanns Maríusar *Kjartans* Benediktssonar lagðri fram í sakadómi Reykjavíkur 30. maí 1975 og sem merkt er dskj. 15 og tékka nr. 219 frá Sparisjóði Keflavíkur, sem merktur er dskj. 14, er álit mitt svohljóðandi:

Nokkrir stafir, svo sem a, o, F, M og t á dskj. 14 eru ritaðir á

þann hátt, að talsvert svipar til rithandar Kjartans. Sérkenni rit-  
handar hans, sem koma greinilegast fram í ritun stafanna H, f,  
j, g, n og r, eru hvergi sjáanleg á dskj. 14.

Rithönd á dskj. 15 er „samanþjöppuð“ og rituð með miklum  
halla til hægri, en rithönd á dskj. 14 er „gisin“ og rituð sem næst  
lóðrétt. Að vísu er algengur möguleiki, að menn breyti halla rit-  
handar sinnar eftir ástæðum.

Við samanburð á rithandarsýnum þeim, eingöngu, sem hér um  
ræðir, tel ég ósannanlegt, að sama rithönd sé á dskj. 14 og 15.“

Sú staðhæfing ákærða, að hann hafi játað á sig þjöfnadinn á  
veski Marinós Péturssonar til þess að sleppa við gæsluvarðhald,  
er afar ósennileg, ekki hvað síst með hliðsjón af þeim skýringum,  
sem ákærði gefur á tveim skýrslum sínum um þennan verknað,  
í síðara skiptið eftir að hann er kominn í afplánun á refsidómi.  
Þrátt fyrir þetta þykir ekki kominn fram næg sönnun fyrir því, að  
ákærði hafi framið þennan verknað, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974.  
Ber því að sýkna ákærða af þessari háttsemi og þar með af því að  
hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga með henni.

Að því er snertir fölsun tékkans þykir með hliðsjón af álitserð  
Maríu Bergmann ekki kominn fram sönnun fyrir því, að ákærði  
hafi sjálfur falsað framhlið tékkans, þótt sá möguleiki sé fyrir  
hendi. Að því er snertir framsalið á bakhlið tékkans verður ekki  
neinu slegið föstu um það, hvaða nafn það á að vera, og er sá  
möguleiki fyrir hendi, að þar hafi átt að vera nafn ákærða sjálfs,  
hafi hann ritað á bakhlið tékkans, eins og vitnið Jóna Kristjana  
staðhæfir og ekki er ástæða til að vefengja.

Ljóst er, að tékkinn er falsaður, og eru skýringar ákærða um  
tilkomu tékkans í hans hendur og sú fullyrðing, að hann hafi ekki  
vitað, að tékkinn var falsaður, afar ótrúlegt. Þá þykir það veikja  
þessa fullyrðingu, að ákærði telur sig ekki geta gert grein fyrir  
því, hver hafi sent hann með tékkann og hvert hann hafi átt að  
fara með vörur þær, sem nota skyldi tékkann til kaupa á, sé sú  
saga hans rétt, þykir þetta vera sönnun þess, að ákærði hafi vitað,  
að tékkinn var falsaður. Samt framvísaði ákærði tékkanum til  
greiðslu. Þykir hann með því hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr. al-  
mennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða og eftir öðrum upplýsingum  
hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1966 10/1 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. um-  
ferðarlaga.

1968 23/9 Reykjavík: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og

49. gr. og 50. gr. umferðar- og 24. gr. áfengisлага. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 3/9 1968.
- 1968 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 3/9 1968.
- 1970 19/11 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 19. nóvember 1970.
- 1971 1/11 Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 2 mánuði fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga.
- 1972 25/2 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1972 15/9 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1972 3/3 Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 245. gr. og 1. mgr. 155. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaga.
- 1973 29/6 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1973 25/10 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1974 22/4 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 22/4 1974. Ekki dæmd sérstök refsing.
- 1974 14/6 Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1975 19/3 Kópavogi: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar lögfræðings, kr. 25.000.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar  
lögfræðings, kr. 25.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 169/1977. **Ákærvaldið**  
gegn  
**Tryggva Rúnari Leifssyni.**

Kærumál. Réttarneitun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 14. september 1977, er barst Hæstarétti hinn 16. s. m., hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, verjandi varnaraðilja í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni o. fl., skotið til Hæstaréttar ákvörðun sakadóms Reykjavíkur varðandi kröfu um tilteknar bókanir í máli þessu. Sakadómur er skipaður þremur dómurum í málinu, sakadómurinum Gunnlaugi Briem, dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni. Er kæruelfni og kröfur varnaraðilja greint svo í kærubréfinu:

„Undirritaður, sem skipaður hefur verið verjandi ákærðs, Tryggva Rúnars Leifssonar, í ofangreindu máli, var boðaður til þinghalds í málinu kl. 14 í dag. Lagði ég þar fram m. a. bréf til dómsins, þar sem ég gerði kröfu til þess, að Gunnlaugur Briem sakadómari viki sæti í málinu. Sakadómariinn hélt því þá fram, að ég hefði reynt að fá aðra verjendur í málinu til þess að gera sömu kröfu, en neitaði að tilgreina nánar, hverjir þessir verjendur væru. Þessari staðhæfingu sakadómarrans mótmælti ég að sjálfsögðu, enda með öllu tilhæfulaus, og geta aðrir verjendur málsins staðfest, að slíkt hefur aldrei